

Aðalfundur Delta deildar haldinn í Borgarnesi 28 apríl 2014

Fjórði og síðasti fundur starfsársins 2013-2014 og jafnframt aðalfundur var haldinn í Landnámssetrinu í Borgarnesi. Fyrir fundinn hittust fjórtán Deltasystur hjá Guðrúnu Bjarnadóttur í Árnesi í Andakíl, sem þar hún rekur Hespúhúsið. Guðrún er menntaður dýrahjúkrunarfræðingur og grasafræðingur og mun útskrifast í vor með meistaraþróf frá Landbúnaðarháskóla Íslands, þar sem viðfangsefni hennar er grasnytjar. Áhugamál Guðrúnar grasnytjar og jurtalitun snerist upp í atvinnutækifæri og sagði hún frá hvernig starfið hefur þróast úr því að lita svolítið band fyrir sjálfa sig upp í það að kynna jurtalitun með námskeiðum og sölusýningum bæði hérlandis og erlendis. Fyrir jurtalitun á íslensku einbandi fékk hún tilnefninguna Handverksmaður ársins á Hrafnagili 2011, auk þess sem henni hefur verið sýndur ýmis sómi síðar, m.a. verið boðið til Kaupmannahafnar þar sem hún kynnti jurtalitun á vegum íslenska sendiráðsins.

Eftir heimsókn til Guðrúnar var haldið í Landnámssetrið í Borgarnesi og dýrindis kjúklingasalat snætt í nýnnréttuðum hliðarsal. Að því loknu var fundað í arinstofunni á loftinu.

Þórunn Reykdal setti fund og kveikti Sjöfn Vilhjálmsdóttir á kertunum. Að nafnakalli loknu hélt Þórunn Reykdal fráfarandi formaður erindi undir liðnum mér er efst í huga. Nefndi hún það Óvissuferð í tíma og rúmi, þar sem hún sagði hún frá tóttum í Snjóöldufjallgarði við Tungná í máli og myndum. Fyrirlesturinn byggði hún á ferð sinni á svæðið og tveimur bókum: Útilegumenn og auðar tóttir í ritstjórn Ólafs Briem, en þar lýsir Gísli Gestsson fundi og uppgrefti á tóttunum og skáldsögu Þorgríms Þráinssonar Allt hold er hey. Þorgrímur byggir sögu sína í stórum dráttum á frásögn miðils, sem hafði samband við hann þar sem til hennar kæmi ung kona, sem ekki fengi frið á sál sinni fyrr en saga hennar hefði verið sögð, en hún hafi verið íbúi í tóttunum um árabíl og flúið þaðan í móðuharðindunum.

Gengið var til aðalfundarstarfa og flutti Þórunn Reykdal skýrslu formanns fyrir tímabilið 2012 – 2014 þar sem áhersla var lögð á að kynnast nýsköpun og frumkvöðlastarfi af ýmsum toga. Fyrra starfsárið voru haldnir fimm fundir og var vorfundurinn 2013 haldinn í Stykkishólmi. Seinna starfsárið voru haldnir fjórir fundir að aðalfundinum meðtöldum, þar sem einn fundur var felldur niður vegna forfalla og veikinda.

Jensína Valdimarsdóttir gerði grein fyrir reikningum og voru skýrsla formanns og reikningar samþykktir.

Jónína Eiríksdóttir gerði grein fyrir tillögum stjórnar og uppstillingarnefndar um stjórn Deltadeildar 2014 – 2016, leitast var við að taka tillit til landfræðilegrar legu og þess, að vænta má að stjórn muni hafa aðsetur á Akranesi þar næsta kjörtímabil. Tillaga var gerð um að Theodóra Þorsteinsdóttir verði formaður, Dagný Emilsdóttir varaformaður, Sjöfn Vilhjálmsdóttir ritari og Guðlaug Margrét Sverrisdóttir meðstjórnandi. Tillagan var samþykkt með lófaklappi og munu áðurtaldir konur því gegna stjórnarstörfum fyrir tímabilið 2014 – 2016.

Í framhaldi af stjórnarkjörinu var það rætt að þar sem að Jensína Valdimarsdóttir muni gegna starfi gjaldkera samtakanna næstu árin muni stjórnin tilnefna nýjan gjaldkera fyrir haustið.

Þar sem fjárhagsstaða félagsins er góð var rætt um að styrkja félagskonur til ferðar á komandi vorþing á Ísafirði, en óvenjugóð þátttaka verður frá deildinni þar sem á þingið fara þær Elsa Jóhannesdóttir, Jensína Valdimarsdóttir, Jóhanna Karlsdóttir, Jónína Eiríksdóttir, Soffía Sigurjónsdóttir og Þrúður Kristjánsdóttir.

Happadrættið góða var á sínum stað og að þessu sinni hreppti Jónína Erna Arnardóttir vinninginn. Sáttar og sælar héldu Deltasystur út í vorið með tilhlökkun til næsta starfsárs.

Fundargerð ritaði Sjöfn Vilhjálmsdóttir